

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

**Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs við könnun MMR í apríl 2015 um lokun flugbrautar 06/24.**

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

MMR kannaði hug Íslendinga til þess að loka flugbraut 06/24 (oft nefnd neyðarbraut) á Reykjavíkflugvelli. Niðurstöður könnunarinnar voru þær að 78% Íslendinga eru andvíg því að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja 74% ekki að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á Reykjavík þá eru 68% íbúa andvíg lokun brautarinnar. Könnunin var unnin af MMR dagana 16.-21. apríl 2015 og spurt var: „Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að flugbraut 06/24 á Reykjavíkflugvelli, oft nefnd neyðarbraut, verði lokað?“ Úrtakið voru Íslendingar á aldrinum 18 ára og eldri. Svarfjöldi: 1.001 einstaklingur. Niðurstaða könnunar MMR sýnir að meirihluti þeirra sem tók þátt vill ekki láta loka brautinni. Því óska Framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum um það hvort og þá með hvaða hætti stjórnkerfis- og lýðræðisráð ætlar að bregðast við þessari könnun.

Svar:

Viðbrögð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs við könnuninni birtast fyrst og fremst í því hvaða tillögur til viðbragða þeir fulltrúar sem í því sitja leggja fram í ráðinu og hvernig þær eru afgreiddar.

Í því samhengi er rétt að rekja að á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. maí lagði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina jafnframt fram tillögu (R15050021) um að stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykki að óska eftir því að borgarstjórn fari í almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa Reykjavíkur, skv. 107. gr., sbr. 108. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, um það hvort loka eigi flugbraut 06/24. Andi þeirrar tillögu er að almannaviljinn eigi að ráða för þegar ákvörðun um lokun flugbrautarinnar er tekin.

Leitað var umsagnar borgarlögmanns um tillöguna og var sú umsögn lögð fram á fundi ráðsins þann 18. maí. Í umsögninni kom fram að borgarlögmaður teldi ljóst að tillagan uppfyllti ekki skilyrði 107. gr., sbr. 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þar sem ótvíræð skylda hvíli á Reykjavíkurborg að efna gerða samninga og fara í samræmi við lögmætisregluna að gildandi skipulagsáætlun, og því væri ekki heimilt að leggja tillöguna fyrir í almennri atkvæðagreiðslu í skilningi sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskaði eftir því að gengið yrði til atkvæða um tillöguna og var hún felld, með vísun í umsögn borgarlögmanns, með fjórum atkvæðum fulltrúa meirihlutans gegn einu atkvæði fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá og vísuðu til þess í bókun sinni að Rögnunefndin svokallaða ætti að fá að ljúka störfum áður en breytingar væru gerðar varðandi Reykjavíkflugvöll og að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins teldu að áður en farið yrði í íbúakosningu um flugvöllinn yrðu að liggja fyrir skýrir valkostir um staðsetningu hans. Engin mótrök hafa komið fram í stjórnkerfis- og

Lýðræðisráði við því álit borgarlögmans að tillaga um lokun flugbrautar 06/24 sérstaklega uppfylli ekki skilyrði sveitarstjórnarlaga fyrir því að hún megi fara í íbúakosningu. Ljóst er að ákvæðum sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar er ekki frekar en öðrum tækjum beins lýðræðis ætlað að ná yfir allar stjórnvaldsákvæðanir heldur ná þau sér í lagi ekki yfir skuldbindingar sem sveitarstjórnin hefur þegar gengist undir gagnvart öðrum. Sveitarstjórn getur ekki skorast undan slíkum skuldbindingum með íbúakosningu, ekki frekar en hún getur skorast undan lagaskyldum sínum. Einnig ná ákvæðin hvorki yfir efni fjárhagsáætlunar, ráðningar í störf hjá sveitarfélagi né starfskjör starfsfólks þess.

Rétt er að geta þess að samkvæmt starfsáætlun stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 2015 liggur fyrir ráðinu að samin verði samþykkt um framkvæmd íbúakosninga og er þetta eitt af þeim atriðum sem kortleggja þarf gaumgæfilega; hvaða tillögur sveitarstjórnarlög heimila að fari íbúakosningu, hvernig gera skal tillögur þannig úr garði að þær séu tækar í íbúakosningu og hvaða leiðsögn borgarbúar fá frá Reykjavíkurborg í þeim eignum. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga veita borgarstjórn sem og borgarbúum sjálfum nokkuð víðtæka heimild til að kalla eftir íbúakosningum um ýmis málefni borgarinnar og þar hjálpar til að fólk viti almennt af þeim og til staðar sé skýrt verklag um þær.